

**Embætti forseta Íslands**  
**00 101**

**Ársreikningur 2019**

## **Efnisyfirlit**

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Embætti forseta Íslands**

**kt. 550169-0379**

**Sóleyjargötu 1. 101 Reykjavík**

## **Skýrsla og áritun forstöðumanns**

Embætti forseta starfar eftir ákvæðum i stjórnaskrá Íslenska Lýðveldisins og rekstur skrifstofu sem hefur það megin hlutverk að aðstoða forseta við verkefni hans.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 3 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var árveltan kr. 354,5 milljónir og afkoma kr. 20,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 50,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 107,0 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Embættis forseta Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Embættis forseta Íslands fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

---

Forstöðumaður

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	349.300.000	365.300.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	514.388	10.487.942
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	4.683.943	3.672.460
<b>Tekjur samtals</b>		<b>354.498.331</b>	<b>379.460.402</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	211.341.100	196.579.327
Annar rekstrarkostnaður .....	5	118.233.136	124.864.167
Afskriftir .....	6	4.683.943	3.672.460
<b>Gjöld samtals</b>		<b>334.258.179</b>	<b>325.115.954</b>
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>		<b>20.240.152</b>	<b>54.344.448</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(127.069)	(140.419)
		(127.069)	(140.419)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>20.113.083</b>	<b>54.204.029</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður .....		9.602.052	8.266.477
Farartæki og vélar .....		13.573.886	8.812.260
Aðrar eignir .....		72.966	87.807
Verk í vinnslu .....		42.274.339	0
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>65.523.243</b>	<b>17.166.544</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	41.436.360	64.949.212
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		0	9.000
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>41.436.360</b>	<b>64.958.212</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>106.959.603</b>	<b>82.124.756</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	8		
Hrein eign .....		50.210.982	30.097.899
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>50.210.982</b>	<b>30.097.899</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	312.098	354.863
Viðskiptaskuldir .....		7.273.158	12.808.325
Ýmsar skammtímaskuldir .....	9	25.919.246	21.655.607
Frestun tekjfærslu fjárfestingarheimilda .....	10	23.244.119	17.208.062
<b>Skuldir samtals</b>		<b>56.748.621</b>	<b>52.026.857</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>106.959.603</b>	<b>82.124.756</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	11		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstremmisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		20.113.083	54.204.029
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstremmi:			
Afskriftir .....	6	4.683.943	3.672.460
Tekjfærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(4.683.943)	(3.672.460)
		20.113.083	54.204.029
Breyting rekstartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur .....		9.000	(19.858)
Tengdir aðilar .....		(18.850.555)	(51.438.400)
Skammtímaskuldur .....		(1.271.528)	(2.745.771)
		(20.113.083)	(54.204.029)
		0	0
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	6	(10.766.303)	(1.358.482)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu .....		(42.274.339)	0
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		1.620.000	0
		(51.420.642)	(1.358.482)
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		42.320.642	(41.518)
Fjárfestingarfamlag .....		9.100.000	1.400.000
		51.420.642	1.358.482
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		0	0
		0	0
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstremmisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Viðskiptaskuldir og aðrar fjárvkuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádegnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvæðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádegnum niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	0-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádeginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppségjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppségjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Skýringar

	2019	2018
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	349.300.000	366.700.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	0	(1.400.000)
Tekjufærsla fjárveitinga .....	349.300.000	365.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	4.683.943	3.672.460
	<b>353.983.943</b>	<b>368.972.460</b>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	349.300.000	0	0	349.300.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>349.300.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>349.300.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ...	(329.186.917)	0	0	(329.186.917)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>20.113.083</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>20.113.083</b>

	2019	2018
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Kostnaðarhlutdeild .....	514.388	10.000.000
Ýmsar tekjur .....	0	487.942
	<b>514.388</b>	<b>10.487.942</b>

## 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	166.879.849	161.753.231
Orlof, breyting .....	3.560.542	(4.014.345)
Launatengd gjöld .....	38.859.091	37.735.619
Starfsmannakostnaður .....	2.041.618	1.104.822
	<b>211.341.100</b>	<b>196.579.327</b>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	11,9	11,0

## Skýringar

	2019	2018
<b>5 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.369.859	1.508.246
Byggingarvörur, almennar	1.308.025	171.828
Byggingarvörur, aðrar	221	45.043
Tæki og búnaður til innréttингa	1.145.368	0
Ýmis tæki og áhöld	887.811	599.405
Varahlutir og viðhaldsvörur	358.683	375.633
Orkugjafar	11.073.075	12.891.666
Matvæli	5.428.285	4.432.936
Almennar rekstrarvörur	2.452.689	3.915.135
Vörukaup, almenn	24.024.016	23.939.892
 Kennslu- og föndurvörur	 358.366	 399.607
Ýmsar sérgreindar vörur	5.984.345	17.710.634
Vörukaup, sérgreind	6.342.711	18.110.241
 Fundir, námskeið, risna	 11.084.240	 7.500.695
Ferðir, uppihald	16.782.587	17.592.737
Akstur	4.706.469	2.093.166
Sérfræðiþjónusta	5.140.705	5.436.519
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	54.920	46.300
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	3.951.568	3.748.235
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	3.017.569	3.587.988
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	44.738.058	40.005.640
 Afnotagjöld	 7.706.608	 5.865.717
Leigugjöld	918.072	3.202.318
Notkun véla og flutningataekja	322.369	396.532
Verkkaup	17.974.507	18.172.788
Áhættutap og bætur	119.680	0
Tryggingar, lögboðnar	2.128.224	2.076.974
Opinber gjöld	13.958.891	13.094.065
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	43.128.351	42.808.394
 Annar rekstrarkostnaður samtals	 118.233.136	 124.864.167

## Skýringar

31.12.2019      31.12.2018

### 6 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	9.602.052	8.266.477
Farartæki og vélar .....	13.573.886	8.812.260
Aðrar eignir .....	72.966	87.807
	23.248.904	17.166.544
Verk í vinnslu, endurbætur fasteignar .....	42.274.339	0
	65.523.243	17.166.544

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019 .....	16.960.461	11.504.836	148.410	28.613.707
Viðbætur á árinu .....	3.874.165	6.892.138	0	10.766.303
	20.834.626	18.396.974	148.410	39.380.010
Afskriftir 1.1.2019 .....	8.693.984	2.692.576	60.603	11.447.163
Afskrift ársins .....	2.538.590	2.130.512	14.841	4.683.943
	11.232.574	4.823.088	75.444	16.131.106
Staða 31.12.2019 .....	9.602.052	13.573.886	72.966	23.248.904

31.12.2019      31.12.2018

### 7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	41.436.360	41.678.006
Áætluð leiðréttung vegna fjárveitinga .....	0	23.271.206
	41.436.360	64.949.212

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	312.098	354.863
	312.098	354.863

### 8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

**Hrein eign**

Jöfnuður 1.1. ....	30.097.899	(24.106.130)
Afkoma ársins .....	20.113.083	54.204.029
Jöfnuður 31.12. ....	50.210.982	30.097.899

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

## Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
<b>9 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	25.216.149	21.655.607
Ógreidd laun .....	499.100	0
Önnur ógreidd gjöld .....	203.997	0
	<b>25.919.246</b>	<b>21.655.607</b>

### 10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	65.523.243	17.166.544
Umframnotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	(42.279.124)	41.518
	<b>23.244.119</b>	<b>17.208.062</b>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	17.166.544	41.518	17.208.062
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	9.100.000	9.100.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....	0	1.620.000	1.620.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	53.040.642	(53.040.642)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(4.683.943)	0	(4.683.943)
	<b>65.523.243</b>	<b>(42.279.124)</b>	<b>23.244.119</b>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 4,5 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

## **Skýringar**

### **11 Aðrar upplýsingar**

#### *Vörslufé*

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 1,3 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga vegna múrviðgerða og endursteiningar á húsnæði forsetaembættisins á Laugásvgi 72, samtals um kr. 20 milljónir. Þá eru aðrir samningar ótímabundnir vegna daglegrar starfsemi embættisins um 14 milljónir á árinu 2019.

Stofnunin ber hlutdeild í lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sem látið hafa af störfum. Lífeyrisskuldbindingin hefur ekki verið skuldfærð í reikningsskil stofnunarinnar en greiðsla af henni á árinu 2019, kr. 1.4 milljónir, er gjaldfærð meðal launa.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.